

A 1802/tillväxt**Afgreiðsla:** Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin**Nefndarálit Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um
þingmannatillögu
um að draga úr losun frá flugvélum****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar
að marka sameiginlega stefnu til að draga úr losun frá flugsamgöngum.

Bakgrunnur

Loftslagsáhrif alþjóðlegrar flugumferðar aukast stöðugt. Veldur það vanda, þar sem hlýnunar jarðar gætir nú þegar, og mun krefjast meiri háttar átaks ætlum við að efna Parísarsamninginn. Engu að síður er unnt að koma á breytingum og minnka losun. Norðurlönd gætu haft gagn af samvinnu um stjórnþæki til að minnka losun og um þróun á nýjum endurnýjanlegum orkugjafa. Við leggjum þess vegna til að Norræna ráðherranefndin marki sameiginlega stefnu til að draga úr losun frá flugsamgöngum.

Kosturinn við flugvélar er hraðinn. Ókosturinn er að þær krefjast mikillar orku og valda koldíoxíðslosun. Þar sem losunin verður hátt í lofti aukast áhrifin um nærfellt helming.

Flugvélar munu þó vera nauðsynlegar einnig í framtíðinni. Þess vegna er mikilvægt að þróa endurnýjanlegt flugvélaeldsneyti til að minnka loftslagsáhrifin. Nú þegar hefur verið gripið til ýmissa ráðstafana. Til dæmis hefur fluggeirinn sænski markað flugsamgöngustefnu sem miðar að því að innanríkisflug geti verið alveg laust við jarðefnaeldsneyti árið 2030 og að flug frá sænskum flugvöllum sé jarðefnaeldsneytislaut árið 2045. Helstu haghafar á sviðinu reyna að yfirstíga þá tæknilegu þröskulda sem eru í veginum og Noregur hefur sett sér það markmið að allt innanlandsflug árið 2040 verði rafknúið. Rafmagnsflugvélar bjóða upp á þann möguleika að nýta einnig endurnýjanlegar eldsneytistegundir í lengri ferðum. Í styttri ferðum væri hægt að notast við flugvélar sem eru eingöngu knúnar rafmagni. Samkvæmt fræðimönnum við Luleå háskóla er hægt að framleiða nægilegt lífaldsneyti fyrir allt innanríkisflug Svíþjóðar úr skógarúrgangi, án þess að fella þurfi fleiri tré.



Margháttaðar alþjóðlegar reglur hafa verið settar um flugvélar á grundvelli Chicago-sáttmálans og á vettvangi alþjóðaflugmálastofnunarinnar ICAO. Ynnu Norðurlönd saman að umhverfisvænum flugrekstri innan vébanda ICAO gæfi það væntanlega góða raun.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna hagvaxtar og þróunarnefndin fjallaði um tillögu flokkahóps miðjumanna í apríl og júní 2019. Við meðhöndlun nefndarinnar hafa verið gerðar breytingar á upprunalegu tillögunni svo að ekki er tekin afstaða til flugs sem samgöngumáta eða orðalags um tilteknar eldsneytistegundir heldur er áhersla lögð á sjálfa losunina. Nefndarálitnið er því byggt á nýrri útgáfu af upprunalegu tillögunni frá flokkahópi miðjumanna. Allir flokkahópar í Norðurlandaráði standa að orðalaginu og tillögunni eins og hún lítur nú út.

Helsingfors, 3. september 2019

Eveliina Heinaluoma (sd)

Freddy André Øvstegård (SV)

Helge André Njåstad (FrP)

Heli Järvinen (grænum)

Joakim Strand (sv)

Juhana Vartiainen (saml)

Linda Ylivainio (C)

Lulu Ranne (saf)

Maria Nilsson (L)

Mikael Staffas (Lib)

Nils Aage Jegstad (H)

Pyry Niemi (S)

Ruth Mari Grung (A)

Solveig Sundbø Abrahamsen (H)

Stein Erik Lauvås (A)

Torhild Bransdal (KrF)